

Hryðjuverkabjórðernishyggja í Úkraínustríðinu. Thierry Meyssan

Svokölluð gagnáráð Úkraínnumanna var töpuð, áður en hún hófst. Sónun mannlífa er viðbjóðsleg. Sömu leiðis sóun verðmæta til þess eins að fullnægja peningagræðgi hergagnaiðnaðar Vesturlanda og vernda ásjónur vanheilla, siðblindra stjórnámálanna.

Franski blaðamaðurinn, Thierry Meyssan, skrifar um þetta fróðlegar greinar. Hann gerir greinarmun á úkraínska hernum sem slíkum og óbilgjörnum bjórðernissinum (integral nationalist), sem þjálfaðir eru til hryðjuverkahernaðar. Leiðtogar þeirra börðust t.d. á vegum Leyniþjónustu Bandaríkjanna og Nató í Téténíu (Chechnya) um síðustu aldamót.

Styrkur Úkraínuhers er þorrinn, en bjórðernissinnaherinn er iðinn við kolann. Afrek hans eru t.d.:

Þátttaka í eyðileggingu gasleiðslu Rússa, Þjóðverja, Frakka og Hollendinga, í Norðursjó þann 26. september 2022. Hún hafði í för með sér efnahagalega lægð í Þýsklandi og Evrópusambandinu.

Sprenging Kerch eða Krím brúarinnar (gerð af Rússum) 8. okt. 2022.

Sprengjuflygildaárás á Kreml 3. maí 2023.

Sams konar árás á eftirlitsskipið, Ivan Kurs, sem vaktaði tyrknesku gasleiðsluna í Svartahafi, þann 26. maí 2023.

Sprenging Kakhovka stífunnar til að skipta Nýja-Rússlandi (Novorossia) í tvennt þann 6. júní 2023. (Rússum hefði verið hægur vandi að opna flóðgáttirnar, stæði þeim hugur til flóðhamfara. Þeir höfðu u.þ.b. hálfu ári áður bent SP á þessa hættu, en talað fyrir daufum eyrum.)

Sprenging Togliatti-Ódessa ammóníakks-leiðslunnar til að eyðileggja áburðariðnað Rússa þann 7. júní 2023.

Áróðursskrifstofa Úkraínnumanna hefur mikið á sig lagt til að sannfæra íbúa veraldar um, að í úkraínska ríkinu búi ein bjórð. Það er fölsun. Þar hafa löngum búið Rússar (um þriðjungur landsmanna), Ungverjar, Pólverjar og fleiri bjórðarbrot. Úkraínu-Rússar hafa andæft, hverju sinni, þegar bjórðernissinnar hafa komist til valda í Úkraínu, ríki, sem í raun varð til, þegar Ráðstjórnarríkin leystust upp.

Síðasta andófið hófst með stjórnarbyltingu Bandaríkjamanna, Nató og Þjóðernissinna, studdum af „mannréttindasjóðum“ bandarískra auðkýfinga og innlendra. (Samtímis hafa lýðréttindi verið skert. Óhentugir fjölmiðlar eru bannaðir, svo og stéttarfélög. Andstæðingar stjórnvalda eru hraktir á brott, ofsóttir og drepnir.)

Viðleitni Vesturveldanna til að sundra Rússlandi eins og Júgóslavíu, hefur mistekist. En Bandaríkjamönnum hefur tekist að koma Evrópu á kné, efnahagslega og hernaðarlega. Úkraína hverfur af sjónarsviðinu í þeirri mynd, sem við þekkjum hana í dag.

Bandaríkjamenn féllu á eigin bragði. Ofríki og hagsmunagæsla hefur hitt þá sjálfa fyrir. Með stuðningi Rússa og Kínverja snúa sífellt fleiri þjóðir við þeim baki. Margmiðjuheimur (multi polar) er í burðarliðnum.

Frá eigin brjósti: Því miður er það svo, að Bandaríkjamenn eða stjórnvöld þeirra öllu heldur, virðast ekki getað lifað og hrærst í veröld án stríða. Árið 2018 hafði Jimmy Carter, fyrrverandi forseti þeirra (sem nú liggur fyrir dauðanum), orð á því, að á 242 tveggja ára tímabili, hefðu einungis sextán þeirra verið án vopnaskaks.

Eftir lok annarrar heimstyrjaldar hafa Bandaríkjamenn stofnað þrjátíu og tvisvar sinnum til hernaðarátaka. Stríð þeirra sum hafa staðið yfir í tvo áratugi eða lengur.

Getur þjóð, sem er svo andlega, vísindalega (70% rannsóknarstyrkja koma frá varnarmálaráðuneytinu - Pentagon), stjórnmálalega og efnahagslega, háð yfirgangi, stuldi og drápum, lifað með öðrum hætti?

Lífsspeki sína hafa Bandaríkjamenn óspart boðað öðrum þjóðum. Menningu sinni hafa þeir þröngvað upp á minni máttar og þvingað „vinþjóðir“ inn í hernaðarbandalög og alþjóðasamtök, þar sem þeir meira og minna hafa tögl og haldir.

Fjandmenn eru Bandaríkjamönnum nauðsynlegir, svo hjól hergagnaiðnaðarins snúist. Hernaðarumsvif eru mikilvægur atvinnuvegur. Samkeppni er Bandaríkjamönnum ógn. Stríð og arðrán er lífæð efnahags þeirra. Fyrrverandi efnahagsráðherra Frakka, Arnaud Montebourg, lýsir ofríki Bandaríkjamanna svo, aðspurður um efnahagsstríð þeirra gegn Evrópumönnum:

Þeir beita hernaði. Þeir reiða sig á njósna- og eftirlitskerfin, sem þeir komu upp í kjölfar 9/11, þ.e. þegar turnarnir í Nýju Jórvík (NY) voru sprengdir. Þeir hlera ekki hryðjuverkamenn, nema að einhverju leyti. Það er gott eins langt og það nær. Þeir hlera og njósna um fyrirtæki í samkeppni við eigin fyrirtæki.

Uppljóstarinn Edward Snowden færði t.d. heim sönnur um hleranir 75 milljón samtala og tölvuskeyta, sem beitt var gegn frönskum atvinnuhagsmunum. Minnisstæður er „stuldur“ kafbátasamnings við Ástralíu, olíusölubannið á Rússa og þvingun til kaupa á rándýrri olíu frá Bandaríkjunum.

Eigin „alþjóðalöggjöf“ er annað vopn. Samkvæmt þessum lögum er Bandarískum yfirvöldum í lófa lagið að skilgreina veröldina sem eins konar framlengingu á eigin samfélagi. Kunnastar eru væntanlega reglur þeirra um skipan alþjóðamála (rule based order), sem forseti þeirra og Katrín Jakobsdóttir klifa á. Nefnd „löggjöf“ gefur Bandaríkjamönnum réttinn til inngripa, þjóði þeim svo við að horfa, sbr. nýlegan viðskiptasamning milli Indónesa og franskra aðilja.

Eigin löggjöf um sölu vopna á alþjóðamarkaði (International Traffic in Arms Regulation), bannar t.d. sölu varnings til vopnaiðnaðar ríkja, sem Bandaríkjamenn skilgreina, eftir hentugleikum, vinveitt eða óvinveitt. Þetta getur t.d. átt við um málningu á orrustuþotur í Frakklandi.

Þriðja vopnið er svokölluð „Föðurlandshollustulög“ (Patriot Act), sem við kaup bandaríksk fyrirtækis á frönsku t.d., heimilar stjórnvöldum að krefjast allra upplýsinga um tækni, mannauð og viðskipti, hins keypta fyrirtækis.

Fjórdða vopnið – enda þótt því hafi ekki verið beitt gegn Frökkum – er stuldur auðlinda eins og t.d. í Sírylandi nú. Stuldur á gjaldeyrisforða þjóða, sem þær geyma í bandarískum dölum, er sömuleiðis vinsæl aðferð. Henni er nú beitt gegn Rússum, Afgönnum og þjóð Venesúela.

Bandaríski hagfræðingurinn, Michael Hudson, hefur beint athygli manna að efnahagslegu ofurvaldi Bandaríkjamanna, sem gulltryggt hefur verið með gjaldeyriseinokun, þ.e. notkunar dalsins í alþjóðaviðskiptum, og raunverulegu valdi yfir efnahagslegum alþjóðastofnunum á borð við Alþjóðabankann. Michael veltir fyrir sér, hvort hin víðtæka viðspyrna gegn dalnum muni ekki draga, að einhverju leyti, úr hernaðarmætti Bandaríkjamanna.

Eilíf barátta við hið illa færir Bandaríkjamönnum heim sanninn um, hversu góðir og siðprúðir þeir sjálfir séu. Það á líka við um þá, sem tileinkað hafa sér stríðshyggju þeirra, frelsis- og lýðræðistrúarbrögð.

Rússar hafa, eftir lok annarrar heimstyrjaldarinnar, þjónað þessu hlutverki, ásamt hinum illu Aröbum. Nú stendur yfir stríðsleiksýning, meiri að vöxtum en nokkru sinni

áður, með þátttöku Nató. Henni er vitaskuld beint gegn Rússum. Samtímis er Nató þanið út.

Kreppur geta líka þjónað sama tilgangi og stríð. Íslensk þjóð hefur ekki farið varhluta af stríðs- og kreppuhamförum þessa heimsveldis, hernumin þjóð og fjötruð, þrúguð af þýlyndi frá fornu fari.

Eins og Bandaríkjamenn brenna Íslendingar upp í Rússahatrinu. Þeir brenna einnig brýr til samfélags þjóða, þar sem gagnkvæm virðing, réttlæti, öryggi, jöfnuður og jafnrétti (eftir atvikum) gæti ríkt.

Það þarf að vinna bráðan bug að endurnýjun sjálfstæðis, endurheimt sjálfsvalds og sjálfsforræðis þjóðar og þegna, gefa yfirþjóðlegum valdastofnunum langt nef og stofna til vináttu og samvinnu við ríki veraldar á tvíhliða grunni.

Hreingerning á Alþingi er fyrsti áfanginn.

<https://sputnikglobe.com/20230609/michael-hudson-de-dollarization-is-remedy-against-us-militarism-1111033558.html>

<https://rumble.com/v2uc4w6-whistleblower-ukraine-is-harvesting-children-in-adrenochrome-labs-for-vip-e.html>

<https://www.globalresearch.ca/video-war-ukraine-media-lies-prof-michel-chossudovsky-lux-media/5822294>

<https://www.globalresearch.ca/kiev-nato-backed-counteroffensive-west-most-important-military-campaign-since-wwii/5822067>

<https://www.globalresearch.ca/nations-wasted-157000-per-minute-nuclear-weapons-2022-ican/5822261>

<https://libertarianinstitute.org/news/nato-kicks-off-largest-ever-air-war-games/>

<https://steigan.no/2023/06/tidligere-fransk-okonomiminister-hvordan-forer-usa-okonomisk-krig-mot-oss/>

https://steigan.no/2023/06/ukrainas-motoffensiv-kjorer-seg-fast-og-haeren-har-store-tap/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.globalresearch.ca/war-spreads-democracy-sinks/5822017>

<https://www.globalresearch.ca/blame-game-over-bombing-nova-kakhovka-dam/5822103>

https://korybko.substack.com/p/how-will-the-us-respond-after-the?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.globalresearch.ca/there-never-was-offramp-ukraine/5822110?utm_campaign=magnet&utm_source=article_page&utm_medium=related_articles

<https://www.globalresearch.ca/americas-perpetual-war-six-questions/5822008>

<https://www.voltairenet.org/article219455.html>

<https://www.voltairenet.org/article219442.html>

<https://www.voltairenet.org/article219461.html>